





# BISKUPSTUNGNAHREPPUR

## Aðalskipulag 2000-2012 - Stækkað frístundasvæði í Brekkuskógi



Gildandi aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000-2012. Mkv. 1:50.000.



Breytt aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000-2012. Mkv. 1:50.000.

### SKÝRINGAR

- SVEITARFÉLAGAMÖRK
- SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDAÞYGGÐ
- LANDBÚNAÐARSVÆÐI

- STOFNVEGIR
- TENGIVEGIR
- ADRIR VEGIR
- REIÐLEIÐIR

- SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ
- VATNSVERNDARSVÆÐI, Grannsvæði
- VATNSVERNDARSVÆÐI, Fjarsvæði

- VATNSVEITA

### GREINARGERÐ

#### 1. INNGANGUR

Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til breyttrar landnotkunar í landi Brekku í Biskupstungnahreppi. Í gildandi aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði og hverfisverndarsvæði. Þá liggur Kóngsvegur í jaðri svæðisins að vestan- og norðanverðu. Svæðið sem breytingin tekur til er nokkuð flatt og hallar aðeins að Brúará og Fremri-Vallá. Það er vel gróið bæði birkikjarri og mosa.

Sveitarstjórn setur fram í meginmarkmiðum aðalskipulags að uppbygging sumarhúsa verði fyrst og fremst bundin við núverandi sumarhúsaferfi og svæði aðliggjandi þeim. Einnig að stuðlað verði að verndun helstu náttúruferibæra og menningarminja en jafnframt verði fólki gert kleift að njóta þessara verðmæta. Með breytingunni er einnig verið að nýta betur það veitu- og vegakerfi sem fyrir er í Brekkuskógi.

Hér að neðan er lýst þeim breytingum sem verða á landnotkun í Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012.

#### 2. FRÍSTUNDAÞYGGÐ

Gert er ráð fyrir að stækka núverandi frístundasvæði úr landi Brekku um 7 ha. Fjallað er um skilmála frístundaþyggðar í kafla 1.13 í greinargerð aðalskipulags. Kóngsvegur liggur í jaðri svæðisins að vestan- og norðanverðu. Óheimilt er að raska honum né hindra för gangandi og ríðandi um hann. Þá nýtur náttúrulegur birkiskógur á svæðinu hverfisverndar og skal forðast að raska honum við framkvæmdir, eftir því sem hægt er og við plöntun skal horft til "Íslenskra" tegunda s.s. birkis, víðis og reynis og stuðla að því að gróðurmyndir þeirra falli vel að hinum náttúrulega birkikjarri sbr. kafla 1.24 um hverfisverndarsvæði. Í deiliskipulagi verður rökun á birki áætluð og mótvægisáðgerðum lýst.

#### 3. AÐKOMUVEGUR

Aðkoma er af Laugarvatnsvegi nr. 37 og um núverandi aðkomuveg að frístundasvæðinu Brekkuskógi í landi Brekku.

#### 4. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM TILLÖGUNNAR

Í eftirfarandi töflu eru metin áhrif breyttrar landnotkunar.

UMHVERFISÞÆTTIR SEM AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN HEFUR ÁHRIF Á				
VALKOSTIR	Hagrænir og félagslegir þættir	Náttúrufer og landslag	Heilsa og öryggi	Vernd og minjar
<b>Breytt aðalskipulag</b>	Byggingaframkvæmdir styðja við stefnu sveitarstjórnar um að styrkja atvinnulíf og fjölga atvinnutækifærum. Fjölgun frístundahúsa og meiri viðvera á svæðinu styður við aðra atvinnu, sérstaklega þjónustufyrirtæki.	Frístundaþyggð fylgir yfirleitt fjölbreyttur gróður. Byggingar og skógrækt sem iðulega fylgir frístundaþyggð hefur sjónræn áhrif.	Aukinni byggð fylgir aukin umferð	Gróðursetning hefur áhrif á náttúrulegan birkiskóg. Hefur ekki áhrif á þekktar minjar en Kóngsvegur liggur í jaðri svæðis.
<b>Aðalskipulag 2000-2012</b>	Gott landbúnaðarland skerðist lítið þar sem stór hluti svæðisins er birkikjarr.	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif

Jákvæð áhrif    Neikvæð áhrif    Óviss áhrif    Óveruleg áhrif

#### 5. NIÐURSTAÐA SVEITARSTJÓRNAR

Sveitarstjórn lítur almennt jákvæðum augum á uppbyggingu sumarhúsaferfa, en gæta verður þess að ekki verði gengið á svæði með náttúruverndargildi eða menningarminjar. Sérstaklega þarf að gæta þess að skaða ekki þá ásynnd sem hið náttúrulega birkikjarr gefur svæðinu. Sem mótvægisáðgerð er gert ráð fyrir að gróðursett verði birki í álíka stórt svæði og raskast við vegagerð og byggingar. Þá er allt rask á Kóngsvægi óheimilt og leitast skal við að vernda aðrar minjar sem kunna að finnast á svæðinu.

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.b. var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_



STEINSHOLT

BISKUPSTUNGNAHREPPUR

Aðalskipulagsbreyting

Suðurlandsvegi 1-3  
850 Hella. S. 487 7800  
www.steinsholtsf.is

Verk: 8721 SA111A

Dags: 24.09.2015

Mkv: 1:50.000

Breytt:

Blaðstærð: A3

Hannað: GG, AJ, IS  
Teiknað: IS

Samþykkt: **TILLAGA**